

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. júlí 1972

um breytingu á tilskipunum frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns og útsæðiskartaflna, tilskipun frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja og tilskipanir frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja og sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði

(72/274/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Af ástæðum sem fram koma hér á eftir ætti að breyta ákveðnum ákvæðum tilskipana ráðsins frá 14. júní 1966, eins og þeim var síðast breytt með tilskipun frá 30. mars 1971, ⁽¹⁾ um markaðssetningu sykkurófufræja, ⁽²⁾ um markaðssetningu fódurjurtafræja, ⁽³⁾ um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁴⁾ og um markaðssetningu útsæðiskartaflna, ⁽⁵⁾ tilskipun ráðsins frá 30. júní 1969 ⁽⁶⁾ um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja, eins og henni var breytt með tilskipun frá 30. mars 1971, tilskipun ráðsins frá 29. september 1970 ⁽⁷⁾ um markaðssetningu matjurtafræja, eins og henni var breytt með tilskipun frá 30. mars 1971, og tilskipun ráðsins frá 29. september 1970 ⁽⁸⁾ um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 87, 17. 4. 1971, bls. 24.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

Nokkrar þessara tilskipana kveða á um að frá og með 1. júlí 1972 megi einstök ríki ekki lengur ákvarða jafngildi fræs og fjölgunarefnis sem er ræktað í þriðju löndum. Þar eð ekki hefur verið kleift í öllum tilvikum að ljúka athugunum á jafngildisákvörðunum bandalagsins ætti að framlengja fyrrnefndan frest til að komast hjá því að raska núverandi viðskiptatengslum.

Í tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni eru aðeins þær afurðir viðurkenndar sem eru upprunnar í aðildarríkjum og fullnægja kröfum viðkomandi tilskipana eða afurðir sem eru upprunnar í þriðju löndum og viðurkenndar sem jafngildar afurðum bandalagsins.

Einnig verður að vera unnt að markaðssetja afurðir upprunnar í löndum sem hafa hlotið aðild að bandalaginu án þess að tilskipanirnar hafi samtímis komið til framkvæmda. Af þessum sökum er nauðsynlegt að setja viðeigandi ákvæði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 1. júlí 1972 komi 1. júlí 1973 í öðrum málslið 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja, í öðrum málslið 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja, í öðrum málslið 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns og í öðrum málslið 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna.

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 16. gr. tilskipunar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufuræja, 16. gr. tilskipunar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja, 16. gr. tilskipunar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns, 15. gr. tilskipunar frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna, 15. gr. tilskipunar frá 30. júní 1969 um markaðssetningu fræja olíu- og trefjajurta, 32. gr. tilskipunar frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja og 21. gr. tilskipunar frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði.

„3. 1. og 2. mgr. gilda einnig um hvert nýtt aðildarríki frá og með þeim degi sem aðild þess öðlast gildi þar til það samþykkir nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.“

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að:

- a) ákvæðum 1. gr. frá og með 1. júlí 1972,
- b) ákvæðum 2. gr. eigi síðar en 1. janúar 1973.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júlí 1972.

Fyrir hönd ráðsins,

T. WESTERTERP

forseti.